

3. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Fimmtudaginn 3. ágúst 2017 kl. 19.00 var haldinn þriðji fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mættar voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson, gjaldkeri og Guðný Ísaksen verkefnastjóri.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Stjórn hafði borist beiðni frá stjórn Íþróttadeildar um fund með stjórn HRFÍ og verkefnastjóra varðandi kaup á nýjum hundafimitækjum og var það efni fundarins. Fyrir stjórn Íþróttadeildar mættu á fund stjórnar þær Stefanía Björgvinsdóttir, Maríanna Magnúsdóttir, Halldóra Lind Guðlaugsdóttir og Anna Björnsdóttir.

Kaup á nýjum tækjum

Stefanía hafði gert grófa áætlun um kostnað á nýjum tækjum og ræddu fundarmenn áætlunina og mögulegar fjármögnunarleiðir. Stefanía ætlar í framhaldinu að skoða enn betur þá möguleika sem í boði eru.

Framundan er ferð á hundafimimót í Svíþjóð sem þær ætla allar að heimsækja og ætla í leiðinni að spyrjast fyrir um hagstæð kaup á tækjum.

Samstarf við Ungmennadeild

Fundarmenn ræddu um framtíðarsamstarf Íþróttadeildar við Ungmennadeild og voru allir aðilar mjög jákvæðir. Munu stjórnir deildanna tveggja ræða saman hugmyndir að framtíðarsamstarfi.

Önnur mál

Starfsemi Íþróttadeildar var rædd og er á dagskrá að mennta fleiri hundafimikennara- og dómara í framtíðinni. Hugmyndir að fyrirkomulagi voru ræddar og verða nánar útfærðar í nánustu framtíð.

Ekki var fleira á dagskrá – fundi slitið kl. 20.00

